

## Breytingartillaga

### við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (BjG, HarB, SVS, ÞórP, BHar, VilÁ).

1. Við 6. gr. Nýir liðir:
  - 2.40 Að selja eða leigja Öldugötu 23, Reykjavík.
  - 2.41 Að selja eða leigja Skriðuvelli 11, Skaftárhreppi.
2. Við 6. gr. Nýir liðir:
  - 5.16. Að koma á fót fasteignaþróunarfélagi og færa þar inn þróunareignir í eigu ríkisins sem stendur ekki til að nota undir starfsemi á vegum ríkisins.
  - 5.17 Að selja eða ráðstafa með öðrum hætti eignarhlut ríkisins í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja.
3. Við 6. gr. Nýir liðir:
  - 7.23 Að veita stofnframlag í Nýsköpunarsjóð Atlantshafsbandalagsins fyrir hönd Íslands fyrir allt að 360 m.kr.
  - 7.24 Að veita bakábyrgð vegna þátttöku Íslands í InvestEU fyrir allt að 2,6 ma.kr.
  - 7.25 Að auka við hlut Íslands í Þróunarbanka Evrópuráðsins í samræmi við ákvörðun stjórnar bankans fyrir allt að 7,9 milljónir evra. Þar af verði inngreitt hlutfé um 2,2 milljónir evra, eða sem nemur um 80 m.kr. á ári í fjögur ár.
  - 7.26 Að færa eignir og fjárfestingarheimildir sem hafa verið nýttar milli málaflokka á þann fjárlagalið sem til stendur að hagnýta eða varðveita tiltekna eign. Sé um að ræða flutning eigna milli A1-hluta í A2-hluta fjárlaga er heimilt að fella niður fjárveitingu og umbreyta í lán til hlutaðeigandi umsýsluaðila.